

8 fundi amtráðsins, og bið jeg þær síðan sendar mjer með þóknanlegum tillögum amts-
31. jan. ráðsins um útbýtingu styrksins.

9 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til barnaskóla í sjóþorpum
31. jan. og verzlunarstöðum og til sveitakennara.— Um leið og jeg hjer með sendi yður, herra
amtmaður og háæruverðugi herra, fimm bónarbrjef, sem hingað hafa komið beina
leið, um styrk úr landssjóði handa barnaskólum á yfirstandandi ári, skal jeg þjónustu-
samlega skora á hin heiðruðu stiptsyfirvöld, að leiða athygli stjórnarnefnda þessara barna-
skóla og annara slíkra skóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, að fyrirmælum hinna nú-
gildandi fjárlaga um styrk til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, og gefa þeim
til vitundar, að beiðni þeirra um styrk úr landssjóði eigi að fylgja greinileg skýrsla um
hlutaðeigandi skóla skólaárið 1887—88, þar sem meðal annars taldir sjeu upp allir nem-
endur í skólanum, skýrt frá, hve lengi hver einstakur hafi þar notið náms og í hverjum
kennslugreinum hann hafi tekið þátt, og að styrkbeiðslunni beri enn fremur að fylgja
reikningur ljóslega saminn um tekjur og gjöld skólans nefnt skólaár, eða að minnsta kosti
næst undanfarið skólaár, sömuleiðis skilríki fyrir, hve mikils styrks skólinn njóti annars-
staðar frá en úr landssjóði. Að endingu bið jeg yður að skýra þessum barnaskóla-
stjórnnum frá, að styrkbeiðslur þessar, svo úr garði gjörðar, sem að framan er fyrir-
mælt, beri að senda stiptsyfirvöldunum áleiðis til landshöfðingja fyrir lok júnímánaðar.

Loks skal þess getið, að jeg í dag hefi skrifað báðum amtmönnum og lagt fyrir
þá, að gjöra almenningi kunn þau fyrirmæli fjárlaganna um styrk til sveitakennara, að
hann veitist eptir tillögum sýslunefnda, og að þannig beri að senda slíkar styrkbeiðslur
í tækan tíma til hlutaðeigandi sýslunefndar, sem svo aptur sendir þær, með tillögum sín-
um til stiptsyfirvaldanna áleiðis hingað.

10

Ágrip

af reikningum nokkurra sjóða, sem eru undir umsjón biskupsins yfir Íslandi, árið 1887.

I. Prestsekknasjóðurinn.

	Tekjur:	Kr.
1. Sjóður við árslok 1886		16771,85
2. Árstíllög og gjafir:		Kr.
a, presta		8*
b, biskups		20
		28,00
3. Vextir á árinu:		
a, af skuldabryfum einstakra manna	598,88	
b, af innritunarskírteini, að upphæð 1600 kr., frá $11/6$ '86— $11/12$ '86 á $4^0/0$	32,00	
og frá $11/12$ '86— $11/12$ '87 á $3 1/2^0/0$	56,00	
c, af innstæðu í landsbankanum	8,58	
d, greiddir útistandandi vextir frá f. á.	67,79	
e, þóknun út af rentubreytingu $1 3/4^0/0$	28,00	
		791,25
		Alls 17591,10

*) Sjera Daniels Halldórssonar á Hólum 4 kr.
— Gunnars Ólafssonar á Höfða 2 kr.
— Jóns Reykjalíns á Þönglabakka 2 kr.